

Alþingi
Erindi nr. P 127/1811
komudagur 10. 4. 2002



Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

9. apríl, 2002
5A3a

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 6400
Fax 540 6401
Netfang:
hjukrun@hjukrun.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 605 mál, EES-reglur ofl.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur fjallað um frumvarp til laga um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 605 mál, EES-reglur ofl.

Stjórnin gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Í ljósi þess að gerð er tillaga um að 66.gr. laga nr. 46/1980 verði felld niður þarf að skerpa betur á að heilsuvernd starfsmanna verði starfrækt eins og 3.gr. frumvarpsins og meðfylgjandi greinargerð gera ráð fyrir.

1. mgr. 3.gr. hljóði því svo:

Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gert sé skriflegt mat um áhættu í störfum. Þegar áhættu matið liggur fyrir skal atvinnurekandi gera skriflega áætlun um forvarnir og *geri* ráðstafanir um öryggi og heilsuvernd starfsmanna á vinnustað. Hafa skal samráð við fulltrúa starfsmanna, sbr. II. kafla laga þessara.


Hér er mikilvægt að tryggja að atvinnurekandinn *geri* ráðstafanir um öryggi og heilsuvernd starfsmanna á vinnustað. Lagt er til að bætt sé viðorðinu *geri* fyrir framan orðið ráðstafanir í málsgreinina.

Síðasta málsgrein 3. gr. fjallar um reglur sem Félagsmálaráðherra á að setja um framkvæmd þessa ákvæðis. Það er mikilvægt að starfsmanna heilsuverndin verði nefnd í þessari upptalningu þannig að tryggt verði hlutverk hennar og framkvæmd.

Varðandi 9.gr. b.2. þá verður að teljast óeðlilegt að í frumvarpinu skulu læknar í starfsnámi undanþegnir ákvæðum um vinnutíma sem settar eru fyrir vinnandi fólk til að vernda öryggi þess og heilsu. Mælt er með því að undanþágan verði felld niður.

Varðandi 9. gr. h. Er lagt til að orðin „þegar kostur“ verði tekin út og starfsmenn sem svo er komið fyrir skulu færðir til í dagvinnustörf. Þetta væri til samræmingar við önnur norðurlönd, t.d. Svíþjóð.

F.h. stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga


Herdís Sveinsdóttir, formaður